

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 28. ágúst 2015 óverulega breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagssvæði A, B og F. Breytingin nær yfir svæði sem áður var lóðirnar Fálkavöllur 2A og Kjóavöllur 1. Breytingin nær til tveggja deiliskipulagsáætlana; Keflavíkurflugvöllur – flugstöðvarsvæði F og Keflavíkurflugvöllur – flugstöðvarsvæði – svæði A. Hún felur m.a. í sér: Stækkun á svæði F, þar sem hluti svæða A og B eru felld inn í svæði F, stækkun byggingarreits flugstöðvar, afmörkun á athafnasvæði fyrir vörumóttöku og aðkomum að lóð er fækkað.

Deiliskipulag fyrir svæði A og F hafa hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 1. september 2015,

Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2015